

# NEMENDAPING Í SKÓLUM

Hugmyndir og leiðbeiningar fyrir kennara



## Barnaheill

Hugmyndir og leiðbeiningar um nemendaping í skólum fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Gefið út í tengslum við Dag mannréttinda barna, 20. nóvember 2023.

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi**

[barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)

[barnaheill.is](http://barnaheill.is)



# Efnisyfirlit

<b>1. Til kennara .....</b>	<b>2</b>
<b>1.1. Af hverju Dagur mannréttinda barna? .....</b>	<b>2</b>
<b>1.2. Barnasáttmálinn .....</b>	<b>3</b>
<b>1.3. Um Barnaheill .....</b>	<b>3</b>
<b>2. Hugmyndir að nemendapingi í skólum .....</b>	<b>4</b>
<b>2.1. Hagnýt ráð .....</b>	<b>4</b>
<b>2.2. Leikskólar .....</b>	<b>5</b>
Gott að hafa í huga: .....	5
Nemendaping í gegnum leik: .....	5
Nemendaping með myndum .....	6
Nemendaping með umræðum: .....	6
<b>2.3. Grunnskólar .....</b>	<b>7</b>
Bekkurinn – Þingið undirbúið .....	7
Skólinn – allir vinna saman .....	8
<b>2.4. Framhaldsskólar .....</b>	<b>10</b>
Að ná til ólíkra hópa: .....	10
Fyrirkomulag: .....	10

# 1. Til kennara

Með leiðbeiningum þessum og hugmyndum um framkvæmd nemendapings í skólum viljum við hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi hvetja þig og aðra í skólanum þínum til að halda í heiðri og festa í sessi Dag mannréttinda barna sem er þann 20. nóvember ár hvert. Tilvalið er að fræða nemendur á öllum aldri um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og önnur réttindi þeirra. Einn liður í að fagna þessum degi og efla enn frekar nemendalýðræði í skólanum er nemendaping. Lýðræði og mannréttindi er einn af grunnþáttum menntunar og getur nemendaping verið einn liður í að vinna með þann þátt. Markmiðin með því að koma á nemendapingi eru:

- að kynna fyrir nemendum að þau eigi rétt á að láta rödd sína heyrast
- hvetja nemendur til að láta skoðanir sínar, hugmyndir og tillögur í ljós
- þjálfar nemendur í að hlusta á hvert annað og virða þær hugmyndir og tillögur sem koma frá öðrum.

Gangi ykkur vel.

## 1.1. Af hverju Dagur mannréttinda barna?

Þann 20. nóvember árið 1989 var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Með sáttmálanum sem var svo lögfestur á Alþingi árið 2013 var gríðarlega mikilvægt skref tekið til að tryggja með lögum réttindi barna.

Árið 2016 var samþykkt á Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheillum var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Lögð hefur verið áhersla á að hvetja kennara á öllum skólastigum til að fræða börn um réttindi sín á þessum degi, m.a. með því að hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að dagurinn skuli eflur frá og með árinu 2021. Vinna skuli að því að gera 20. nóvember hærra undir höfði og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna. Auk mennta- og menningarmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins bera forsætisráðuneyti og félags- og barnamálaráðuneyti einnig ábyrgð á deginum.

Frá upphafi hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi séð um framkvæmd Dags mannréttinda barna í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Hugmyndir að verkefnum tengdum Degi mannréttinda barna getur þú m.a. fundið á [vefsíðu Barnaheilla](#) og fjöldi myndbanda sem Barnaheill hafa gefið út, þ.á.m. um þennan dag má finna [hér](#).

## 1.2. Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er útbreiddasti mannréttindasamningur heims og kveður á um þau réttindi sem öll börn eiga að njóta. Lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla, aðalnámskrár skólastiganna og grunnþættir menntunar eiga jafnframt að tryggja börnum þessi réttindi og vera samhljóma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll börn, óháð stöðu þeirra, skulu njóta þeirra mannréttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar. Til þess að réttindin nýtist öllum börnum er mjög mikilvægt að þau þekki réttindi sín og að samfélagið allt þekki í hverju þau felast og hvaða skyldur sáttmálinn leggur á herðar samfélagsins.

Á vefnum [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is) eru nánari upplýsingar um Barnasáttmálann. Þar er að finna fjölmörg verkefni og kennsluhugmyndir fyrir börn, kennara og foreldra. Vefurinn er að hluta til einnig á ensku og pólsku auk þess sem allar greinar Barnasáttmálans eru táknmálstúlkaðar.



## 1.3. Um Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru hluti af alþjóðasamtökunum Save the Children sem stofnuð voru árið 1919 og vinna að réttindum og velferð barna með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Barnaheill eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni

barna og réttindi þeirra. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að hafa áhrif. Við stöndum vaktina í þágu barna og gætum réttinda þeirra. Stærsti verkefni samtakanna eru [Vínátta](#) – forvarnaverkefni gegn einelti og [Verndarar barna](#) – forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi á börnum. Önnur stærri verkefni eru [Ábendingalínan](#) sem í samvinnu við m.a. lögregluembættið er hægt að tilkynna um óæskilegt efni á netinu, [Hjólásöfnun](#), [Ráðgjöf](#), ýmsir [samstarfshópar](#) sem vinna að málefnum barna, málsvarahlutverkið um t.d. fátækt

og gjaldfrjálsan grunnskóla og [lagaumsagnir og ályktanir](#). Auk þess er [erlendum verkefnum](#) samtakanna sífellt að fjölga. Barnaheill eru frjáls félagasamtök og byggja alla sína starfsemi á frjálsum framlögum og styrkjum. Nánari upplýsingar um Barnaheill má nálgast á [vefsíðu samtakanna](#).



## 2. Hugmyndir að nemendapingi í skólum

Hér koma tillögur og hugmyndir af því hvernig kennarar geta mögulega undirbúið og framkvæmt nemendaping í skólanum. Kennurum er heimilt að nota þessar hugmyndir að vild og byggja á þeim til frekari skipulagningar. Þær hugmyndir sem lagðar eru fram er skipt eftir skólastigum.

### 2.1. Hagnýt ráð

- Undirbúið og ákveðið hvaða spurningar verða lagðar fyrir þingið.
- Sjáið til þess að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til að tjá sig, farið hringinn eða stafrófið til að ákvarða hvaða nemandi á að tjá sig næst.
- Setjið ákveðnar reglur fyrirfram sem nemendum er ætlað að fylgja, t.d.:
  - Sýnið hvert öðru virðingu, leyfið einum nemenda að tala í senn og ekki grípa fram í
  - Mikilvægt er að allir taki virkan þátt í umræðum og segi sínar skoðanir
  - Sýnið umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og svörum, þau eiga öll jafnan rétt á sér
  - Það er frábært að vera sammála og það er líka frábært að vera ósammála
  - Ef nemendur eru ósammála um hvernig svara eigi spurningum, látið þá öll svörin koma fram
- Útfærið spurningar og skipulag í samræmi við aldur, þroska, áhuga og getu nemenda.
- Hrósið nemendum fyrir að taka þátt í þinginu og að segja sína skoðun.
- Ef ástæða þykir til, spyrjið nemendur frekar út í svörin þeirra.
- Skrifjið hjá ykkur ef einhver svör vekja hjá ykkur áhyggjur um velferð nemenda.
- Kennarar taka saman svör nemenda.
- Samantekt frá þinginu má gjarnan senda á netfang Barnaheilla, [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)
- Einnig má gjarnan senda lýsingu á framkvæmd þingsins á netfang Barnaheilla. Þær upplýsingar verða teknar saman og safnað og búinn til hugmyndabanki sem kennarar munu geta notað í framtíðinni.

## 2.2. Leikskólar

### **Þema: Ég og tilfinningar mínar**

Mikilvægt er að tryggja að öll börn hafi strax á fyrstu æviárunum á einhvern hátt tækifæri til að koma sínum skoðunum, vilja og hugmyndum á framfæri. Því þarf að miða við aldur og þroska nemenda á leikskólaaldri til að tryggja það. Í leikskólum þarf oft að fara fjölbreyttar leiðir til að koma á nemendapingi en það eru svo sannarlega til leiðir sem geta stutt við það. Eins og allir sem þekkja til leikskólastigsins vita þá er leikurinn helsta náms- og þroskaleið barna. Tilvalið er að nýta leikinn sem kennsluáferð í leiðinni og verður hér m.a. tekið mið af þeirri aðferð.

### **Gott að hafa í huga:**

- Vinnið með nemendum í litlum hópum – Börn á leikskólaaldri tjá sig frekar í litlum hópum
- Hafið hvern hóp samsettan af einstaklingum sem er á svipuðum aldri og þroska svo hægt sé að miða skipulag þingsins við þann hóp
- Gangið úr skugga um að nemendur í hópnum þekki þann sem leiðir þingið svo þau finni fyrir trausti og eru líklegri til að tjá sig
- Sjáið til þess að börnunum líði vel meðan þingið fer fram
- Útfærið spurningar eftir getur hópsins til að svara þeim. Með allra yngstu nemendurnar þarf mögulega að hjálpa þeim að svara
- Hafið þingið hnitmiðað og stutt fyrir þau allra yngstu – úthaldið er ekki alltaf langt
- Hægt er að hafa þingið í nokkra daga og taka bara smá hluta af því í senn og dreifa því þannig saman við önnur verkefni

### **Nemendaping í gegnum leik:**

Sumir nemendur og eflaust flestir þeirra sem eru í yngri kantinum geta átt erfitt með að tjá sig með orðum og skilja jafnvel ekki spurningarnar. Því er einnig hægt að hafa spurningarnar myndrænar og gefa nemendum kost á að svara þeim með því að benda á myndir. Dæmi um slíka útfærslu er eftirfarandi:

- Kennari hefur stórar myndir fyrir framan sig af tilfinningum. Myndirnar geta t.d. verið eftirfarandi:




- Til að æfa sig með myndirnar getur kennari t.d. prentað þær út og farið yfir þær með nemendum. Spurt hvernig hverju og einu líður og beðið nemendur að setja upp eins svip.

- Kennari getur svo sett myndirnar á fimm mismunandi staði í rýminu og segir svo t.d.; „Öll sem eru glöð koma hingað“ – setur myndina af glaða tilfinningatjákninu. Segir svo koll af kolli með hverja mynd og börnin koma á þann stað sem lýsir líðan þeirra.
- Kennari spyr nokkurra spurninga og hver og einn nemandi bendir á viðkomandi tilfinningu sem segir til um hvað honum finnst um það sem hann er spurður um. Spurningarnar geta verið til dæmis:
  - Hvernig líður þér í samverustundum?
  - Hvernig gengur að klæða þig í útifötin?
  - Hvernig líður þér í útiveru?
  - Hvernig finnst þér að kubba/leira/mála/vera í hlutverkaleik..... o.fl.
- Kennari spyr nemandur hvernig þeir halda að öðrum líði við ákveðnar aðstæður og benda á myndirnar:
  - Ef einhver fær ekki að vera með í leik
  - Ef einhver meiðir sig
  - Ef einhverjum er strítt
  - Ef einhver er að gráta
  -

### Nemendaping með myndum

- Nemendaping getur einnig farið fram í gegnum lýsandi myndir. Sem dæmi þá er hægt að nýta sér forritið *board maker* sem inniheldur fjölda mynda sem eru lýsandi fyrir athafnir daglegs lífs og geta t.d. verið eins og á meðfylgjandi mynd:
  - Spurningarnar gætu þá t.d. verið eftirfarandi:
    - Hvað finnst þér skemmtilegast að leika með?
    - Hvenær líður þér best í leikskólanum?
    - Hvað finnst þér erfiðast?



### Nemendaping með umræðum:

- Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í umræðum og segja sínar skoðanir.
- Kennari skrifar hjá sér svör nemendanna eða notar upptökutæki (hljóð og/eða mynd) til að stoppa ekki flæði umræðna.
- Kennari varpar fram nokkrum spurningum til að hita nemendur upp með einföldum spurningum svo að nemendur fái tækifæri til að átta sig á hvernig þingið gengur fyrir sig. Mikilvægt er að kennari útfæri spurningarnar eftir aldri, áhuga og þroska nemenda.
- Dæmi um upphitunarspurningar:
  - Hvað heitir þú?
  - Hvað ertu gamall/gömul/gamalt?
  - Hvað heitir mamma og pabbi?
  - Hvar áttu heima?
  - Hvað langar þig í afmælisgjöf?
  - Hver er uppáhaldsliturinn þinn?



- Síðan er farið í aðeins flóknari spurningar og hér eru dæmi um þær:
  - Hver er uppáhaldsmaturinn þinn í leikskólanum?
  - Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?
  - Er eitthvað sem þér finnst erfitt að gera í leikskólanum?
    - Ef já, hvað er það sem þér finnst erfitt?
    - Hvað heldur þú að sé hægt að gera svo það sé ekki eins erfitt?
  - Hvað finnst þér skemmtilegast að gera úti?
  - Hvernig líður þér í leikskólanum?
    - Af hverju líður þér þannig?
  - Hvað finnst þér best að kennararnir geri með þér?
  - Hvernig líður þér heima?
    - Af hverju líður þér þannig?
  - Hvað gerir þú ef þér leiðist?
  - Í hvernig leik finnst þér best að vera í?
- Svo er sjónum beint að umburðarlyndi:
  - Í hverju ertu góð/góður/gott?
  - Í hverju eru hinir góðir sem eru hérna með okkur? (benda t.d. á eitt barn í einu og biðja hina í hópnum að svara því)
  - Hvernig getum við hjálpað þeim sem líður illa?
  - Hvað getum við gert ef einhver fær ekki að vera með í leik?

Kennarar eru hvattir til að taka saman svör barnanna og gjarnan má senda niðurstöður á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)

## 2.3. Grunnskólar

### Ég og umhverfi mitt

Gert er ráð fyrir því að nemendapínging í grunnskólum skiptist í tvo hluta, *bekkurinn* og *skólinn*, og er það gert með það að leiðarljósi að allir nemendur hafi jafnan rétt á að tjá sig og fá þjálfun í að segja sínar skoðanir þvert á aldur. Hægt er að vinna með báða hlutana sama daginn en það er líka hægt að dreifa þeim á tvo daga. Tillaga að uppsetningu nemendapínging í grunnskóla er eftirfarandi:

### Bekkurinn – Þingið undirbúið

#### Markmið:

Að kynna fyrir nemendum hvernig þingið fer fram og hvetja þá til að taka virkan þátt í umræðunum.

#### Lýsing:

Nemendunum er skipt í 4-5 manna hópa innan bekkjarins, þau fá fyrirfram gefnar spurningar sem þau öll svara og greina svo hinum hópunum frá svörunum.



- Kennari útskýrir hvernig þingið mun fara fram og markmiðið með því. Nemendur hvattir til að taka virkan þátt í umræðum og segja sínar skoðanir.
- Kennari varpar fram nokkrum spurningum til að hita nemendur og þeir fá tækifæri til að átta sig á hvernig þingið gengur fyrir sig. Mikilvægt er að kennari útfæri spurningarnar eftir aldri, áhuga og þroska nemenda.
- Dæmi um spurningar:
  - Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
  - Hvaða bíómynd sástu síðast?
  - Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur?
  - Hvað langar þig í jólagjöf?
  - Hvað er uppáhaldslagið þitt?
  - Hvað finnst þér skemmtilegast að fylgjast með á Youtube?
  - Hvaða námsgrein finnst þér skemmtilegust í skólanum?
  - Hvaða námsgrein finnst þér erfiðust í skólanum?
  - Hvað langar þig til að starfa við þegar þú verður fullorðinn?
  - Hvað langar þig að læra í framtíðinni?
- Spurningunum er varpað fram ýmist öllum í einu eða einni í senn.
- Hver og einn nemandi skrifar niður hjá sér svörin.
- Síðan er orðið látið ganga hringinn þannig að allir í hópnum segja hinum hvernig þeir svöruðu spurningunum.
- Hver hópur velur sér talsmann. Hlutverk talsmanns er að segja nemendum í hinum hópnum frá því hvernig þeir sem voru í hans hópi svöruðu spurningunum.
- Kennari spyr hina í hópnum hvort talsmaður hópsins sé búinn að segja frá öllum þeim svörum sem kom frá hópnum. Ef ekki, eru nemendur hvattir til að bæta við því sem þeir sögðu sjálfir.
- Sumir nemendur eiga ef til vill erfitt með tjá sig og svara og hægt er að nota hugmyndir frá nemendaþingi í leikskólunum til að styðjast við.

## Skólinn – allir vinna saman

### Markmið:

Gefa nemendum tækifæri til að tjá sig í stærri hópum sem er samsettur af bæði yngri og eldri samnemendum.

### Lýsing:

- Nemendum er skipt í 10-20 nemenda hópa, helst þannig að það séu 1-2 nemendur úr hverjum árgangi í hóp.
- Kennari fer yfir fyrirkomulagið með nemendum og gott er að koma eftirfarandi fyrir mælum á framfæri við hópinn:
  - Sjáið til þess að allir hafi jöfn tækifæri til að tala, farið hringinn eða stafrófið til að ákvarða hver á að tjá sig næst
  - Leyfið einum nemenda að tala í senn og ekki grípa fram í

- Mikilvægt er að allir taki virkan þátt í umræðum og segi sínar skoðanir
- Allar skoðanir og svör eiga jafn mikinn rétt á sér
- Það er frábært að vera sammála og það er líka frábært að vera ósammála
- Ef nemendur eru ósammála um hvernig svara eigi spurningum, látið þá öll svörin koma fram
- Skipaðir eru tveir talsmenn hópsins sem eru yngsti og elsti nemandi hópsins.
- Hver hópur fær spurningar á blaði sem þeir eiga að ræða og skrifa svörin sem koma á blaðið.
- Hver hópur fer t.d. í eina kennslustofu og er t.d. sá kennari sem kennir í viðkomandi skólastofu með yfirumsjón með hópnunum.
- Í minni skólum er þessi hluti þingsins skipulagður út frá samsetningu nemendahópsins.

### Dæmi um spurningar:

- Hvað finnst ykkur vera gott við stundatöfluna ykkar?
- Hverju finnst ykkur að þyrfti að breyta í stundatöflunni ykkar?
- Hvernig finnst ykkur að kennarar eigi að vera í samskiptum við ykkur?
- Hvernig finnst ykkur að skólastjórinn eigi að vera í samskiptum við ykkur?
- Hvernig finnst ykkur að skólaliðar eigi að vera í samskiptum við ykkur?
- Hvernig finnst ykkur að annað starfsfólk skólans eigi að vera í samskiptum við ykkur?
- Hversu mikið finnst ykkur að foreldrar ykkar eigi að taka þátt í skólastarfinu?
- Hversu miklu máli skiptir að líða vel í skólanum?
- Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í skólanum?
- Er eitthvað í skólanum ykkar sem er ekki kennt en þið mynduð vilja að væri kennt?
  - Ef já, hvað finnst ykkur að þyrfti að kenna í skólanum?
  - Ef nei, hvaða námsgrein nýtist ykkur best fyrir framtíðina?

### Dæmi um spurningar í tengslum við Umburðarlyndi:

- Af hverju er mikilvægt að allir fái að vera með í hópnunum?
  - Eru allir í bekknum hluti af hópnunum?
  - Fá allir í bekknum að vera með í leik/uppákomum/afmælum o.s.frv.?
  - Hvernig haldið þið að þeim líði sem fá ekki að vera með?
  - Af hverju ætti hver og einn að fá að vera eins og hann er?
  - Hvers vegna ætti enginn að þurfa að breyta því hvernig hann klæðir sig og áhugamálum sínum til að vera hluti af hópnunum?
  - Hvað getið þið gert svo öllum líði vel í hópnunum?
- Kennari fer á milli borða og tryggir að allir nemendur taki þátt í umræðum og hvetur þá áfram.
  - Þegar fyrirfram úthlutuðum tíma er lokið fer kennari/kennarar yfir allar spurningar, eina í senn, og talsmenn hópanna svara út frá þeim svörum sem komu.
  - Kennarar taka spurninga- og svarblöðin og safna þeim saman.
  - Samantekt frá þinginu má gjarnan senda á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)

## 2.4. Framhaldsskólar

### Ég og samfélagið

Höfðað er fyrst og fremst til nemenda á fyrstu tveimur árum framhaldsskólans þar sem þau eru undir 18 ára aldri. Framhaldsskólakennarar eru hins vegar hvattir til að skipuleggja nemendaping í skólanum með þeim hætti að allir nemendur taki þátt.

### Að ná til ólíkra hópa:

- Tilvalið er að nýta t.d. umsjónarhópa eða umsjónartíma sem viðkomandi umsjónarkennari hefur með nemendum. Þar gefst kostur á að ná til sem flestra nemenda.
- Mikilvægt að hafa í huga að reyna að heyra raddir sem flestra barna, ekki eingöngu þeirra sem eru félagslega sterk og eiga auðvelt með að tjá sig. Raddir þeirra barna sem eiga erfitt með að tjá sig eru ekki síður mikilvægar svo hægt sé að miðla lífssýn þeirra, skoðunum og hugmyndum.
- Nemendum skipt í hópa sem er samsettur úr ca 20 nemendum. Í þeim framhaldsskólum þar sem er bekkjarkerfi er hægt að vinna með hvern bekk fyrir sig. Í fjölbrautarskólum eru víða umsjónarhópar og hægt er að nota þá skiptingu á nemendum. Annars er einnig hægt að skipta nemendum upp þvert á bekki og hópa.
- Hver hópur velur sér tvo talsmenn sem eru elsti og yngsti nemandi hópsins.

### Fyrirkomulag:

Kennari fer yfir fyrirkomulagið með nemendum og hér er dæmi um fyrirmæli til nemenda:

- Sjáið til þess að allir hafi jöfn tækifæri til að tala, farið hringinn eða stafrófið til að ákvarða hver á að tjá sig næst
- Leyfið einum nemenda að tala í senn og ekki grípa fram í
- Mikilvægt er að allir taki virkan þátt í umræðum og segi sínar skoðanir
- Allar skoðanir og svör eiga jafn mikinn rétt á sér
- Það er frábært að vera sammála og það er líka frábært að vera ósammála
- Ef nemendur eru ósammála um hvernig svara eigi spurningum, látið þá öll svörin koma fram
- Kennari setur upp spurningar fyrir nemendur upp á töflu, eina í senn eða allar í einu.
- Nemendur ræða sín á milli og segja hvernig þeir vilja svara spurningunum.

### Dæmi um spurningar:

- Af hverju þarf að tryggja að allir í hópnum fái að tjá sig?
- Hversu miklu máli skiptir lýðræði?
- Hvaða áhrif hafið þið á hvaða námsgreinar eru kenndar í skólanum?
- Hvernig finnst ykkur reglurnar um ástundun í skólanum?
- Finnst ykkur að það þurfi að breyta mætingarreglunum?

- Ef já, hvernig mynduð þið vilja hafa þær?
- Ef nei, hvernig styðja þær við ykkur?
- Hversu vel finnst ykkur námið í skólanum búa ykkur undir áframhaldandi nám?
- Hversu vel finnst ykkur námið í skólanum búa ykkur undir lífið?
- Hversu auðvelt/erfitt er að fá aðstoð frá kennurum og öðrum starfsmönnum skólans þegar á þarf að halda?
- Eru einhverjar námsgreinar sem eru ekki kenndar en þið mynduð vilja að væru kenndar í skólanum?
  - Ef já, hvaða námsgreinar eru það?
  - Ef nei, hvaða námsgreinar höfðu best til þín?
- Finnst ykkur þið hafa nægan tíma til að stunda félagslíf eftir skólann?
  - ef já, hversu löngum tíma verjið þið í félagslíf eftir skóla?
  - ef nei, hversu löngum tíma viljið þið bæta við daglega til að geta stundað meira félagslíf?
- Hvaða námsgreinar í skólanum teljið þið að nýtist ykkur best fyrir framtíðina?
- Hvaða námsgreinar í skólanum teljið þið að nýtist ykkur minnst í framtíðinni?
- Hversu miklu máli skiptir að líða vel í skólanum?
- Hvaða eiginleika teljið þið mikilvægast að góður kennari búi yfir?
- Hversu miklu máli skiptir að foreldrar taki þátt í skólastarfinu?
- Hversu miklu máli skiptir fyrir námið þitt að foreldrar þínir styðji við námið og sýni því áhuga?

### Dæmi um spurningar um Umburðarlyndi

- Hvað er umburðarlyndi?
- Hvers vegna er umburðarlyndi mikilvægt í samskiptum?
- Nefnið dæmi um þegar þið hafið sýnt öðrum umburðarlyndi
- Nefnið dæmi um þegar aðrir hafa sýnt ykkur umburðarlyndi
- Af hverju er mikilvægt að hver og einn sé samþykktur í hópinn á sínum eigin verðleikum (burtséð frá skoðunum, útliti, trúarbrögðum o.fl.)?
- Hvers vegna er mikilvægt að í öllum hópum sé pláss fyrir mismunandi skoðanir, áhugamál og fleira?

Kennarar taka spurninga- og svarblöðin og safna þeim saman. Samantekt frá þinginu má gjarnan senda á netfangið [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)